

Þáttaskil - hlé á útgáfu Evrópuvaktarinnar

Eftir

Þriðjudaginn 27. apríl 2010 sá vefsíðan Evrópuvaktin dagsins ljós. Nú er komið að þáttaskilum.

Á Evrópuvaktinni hefur verið lögð áhersla á málefni tengd Evrópusambandinu, þróun evrópskra stjórnmála og efnahagsmála auk umræðna hér á landi um þessi mál og tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Þá hefur verið fylgst með framvindu alþjóðlegra stjórnmála og efnahagsmála í þessu ljósi. Efni síðunnar hefur verið reist á fréttum, fréttaskýringum, pistlum og ritstjórnardálkum.

Alþingi Íslendinga tók sögulega og örlagaríka ákvörðun 16. júlí, 2009, þegar samþykkt var að óska eftir aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Fyrir okkur, sem að Evrópuvaktinni stöndum, hefur vakað að sjá til þess, að Íslendingar fljóti ekki sofandi inn í Evrópusambandið.

Nú er ljóst að það gerist ekki. Aðildarviðræður hafa reynst árangurslausar vegna ágreinings um sjávarútvegsmál. Þær hefjast ekki að nýju nema þjóðin samþykki það í atkvæðagreiðslu. Ríkisstjórnin hefur óskað eftir að Ísland verði ekki lengur skráð sem umsóknarríki hjá Evrópusambandinu – um þá ákvörðun er deilt á heimavelli og í Brussel hefur ESB ekki orðið við óskinni.

Umsjónarmönnum Evrópuvaktarinnar er ljóst að ESB-aðild verður ekki tekin af dagskrá íslenskra stjórnmála. Þeir gera hins vegar hlé á útgáfu Evrópuvaktarinnar vegna þáttaskilanna sem við blasa að því er hugsanlega aðild Íslands varðar. Hún er fjarlægari en fyrir 16. júlí 2009. Umræður liðinna ára hafa leitt í ljós að allur málatilbúnaður aðildarsinna er hruninn til grunna.

Um leið og umsjónarmenn þakka þúsundum lesenda Evrópuvaktarinnar samfylgdina undanfarin fimm ár vilja þeir minna á vefsíður sínar stjornir.is og bjorn.is þar sem þeir lýsa skoðunum sínum auk þess sem þeir láta að sér kveða annars staðar á vettvangi fjölmiðla.